

Stefna Kvinnalistsans - umræðupunktur

1. Allar aðgerðir verða að miðast við að verja þá sem verst standa að vígi.

(b)

2. Byrja verður á að afla tekna þar sem þær er að finna, með hátekjuskattþrepi, fjármagnstekjuskatti, lúxussköttum, bættri innheimtu skatta og aðgerðum gegn skattsvikum sem talið er að nemi um 10 milljörðum kr. á ári.

(c)

3. Leita verður allra leiða til að létta kostnaði af atvinnulífinu og styrkja þau fyrirtæki sem eiga framtíð fyrir sér, en þar á móti verða eigendur fyrirtækja ekki síst í sjávarútvegi að vera reiðubúnir til að draga úr framleiðslugetunni með fækkun skipa og frystihúsa.

Hvaða leiðir vilja Kvinnalistasakonur fara? Viljum við lækka skatta fyrirtækjanna og hækka skatta almennings? Viljum við lækka laun fólks? Viljum við skera niður launatengd gjöld sem sum hver tengjast áratuga gömlum samningsbundnum réttindum? Hvernig náum við niður vöxtum? Hvað um aðrar kostnaðarlækkanir s.s. raforkuverð? Hvaða neyðarúrræðum getum við staðið að?

4. Ríkishallann þarf að minnka í áföngum og ná niður erlendum skuldum, en þess verður að gæta að niðurskurður ríkisútgjalda valdi ekki enn meiri samdrætti og skapi fleiri vandamál en leyst eru.

5. Réttlætjanlegt er að taka erlend lán til arðbærra verklegra framkvæmda til að halda uppi vinnu í landinu. Slíkar aðgerðir þurfa ekki síst að taka mið af því að skapa vinnu fyrir konur, en atvinnuleysi í þeirra röðum er orðið mjög alvarlegt ekki síst á Suðurnesjum. Við skulum minnst þess að atvinnuleysið kostar peninga og það veldur því að ríkið fær minni skatttekjur í sinn hlut.

6. Til að ná árangri í niðurskurði á ríkisútgjöldum þarf að leita eftir tillögum starfsfólks ríkisstofnana og hafa það með í ráðum, gera starfsmenn árbyrgari gagnvart þeim fjármunum sem þeir hafa í höndum. Það þarf að setja langtímamarkmið, endurskipuleggja og stokka upp út frá þeim markmiðum sem við setjum okkur t.d. í mennta- og heilbrigðiskerfinu. Í heilbrigðismálum þarf að leggja miklu meiri áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og ná kostnaði niður með þeim hætti. T.d. má ná miklum árangri strax með aðgerðum í umferðarmálum!

7. Ekki má skera af vaxtarbrodda eins og í rannsóknum og tilraunum svo og skólakerfinu í heild. Betra er að beina ungu fólki inn í skólakerfið en að láta það ganga um atvinnulaust á atvinnuleysisbótum (sem kosta peninga) eða á framfæri félagsmálastofnana.

8. Leita allra leiða til að skapa vinnu. Margt smátt gerir eitt stórt, en menn verða að vera tilbúnir til að fjárfesta í atvinnulífinu og taka áhættu.